

# NORÐAUSTURVEGUR, BREYTT LEGA OG NÝ TENING VIÐ ÞÉTTBÝLIÐ Á VOPNAFIRÐI

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytt lega Norðausturvegar í nágrenni þéttbýlisins að Vopnafirði og ný tenging frá Norðausturvegi til Vopnafjarðar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu annars vegar á þær fornleifar sem fara muni forgörðum og hins vegar talsvert rask á votlendi. Fram hefur komið að nauðsynlegar ráðstafanir vegna fornleifa séu þegar hafnar og að tilmælum Fornleifaverndar ríkisins verði fylgt vegna fornleifa. Að því gefnu að vettvangsrannsóknir á fornleifum leiði ekki í ljós að verndargildi þeirra minja sem fara munu forgörðum sé mun meira en í fyrstu var ætlað, telur Skipulagsstofnun að áhrif á menningarminjar verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur jákvætt að Vegagerðin endurheimti jafnstórt votlendi og það sem verður fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Með þeim mótvægisáðgerðum sé komið í veg fyrir veruleg áhrif á votlendi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytt lega og ný tenging Norðausturvegar við þéttbýlið á Vopnafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. desember 2010.

## INNGANGUR

Þann 1. október 2010 tilkynnti Vegagerðin um breytta legu og nýja tengingu á Norðausturvegi við þéttbýlið á Vopnafirði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vopnafjarðarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Vopnafjarðarhreppi með tölvupósti dags. 28. október 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 19. október 2010, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 9. október 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. október 2010. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 1. nóvember 2010.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhugað framkvæmd.** Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhugað sé að breyta legu Norðausturvegar í nágrenni þéttbýlisins að Vopnafirði og leggja nýja tengingu frá Norðausturvegi til Vopnafjarðar. Um sé að ræða tvo nýja vegi. Annars vegar veg A sem sé 1,1 km langur og liggja í framhaldi af götunni Hafnarbyggð í þéttbýlinu á Vopnafirði, að vegamótum við nýjan Norðausturveg og þaðan að núverandi Norðausturvegi austan við Nýpslón og hins vegar veg B sem sé 1,14 km langt framhald Norðausturvegar um Vesturárdal. Til viðbótar þurfi að byggja tvær nýjar vegtengingar, annars vegar 0,22 km langa tengingu að þéttbýlinu í Vopnafirði á Norðausturvegi, veg C og hins vegar veg D, 0,14 km langa tengingu að vegi að Leiðarhöfn sem sé út með Kolbeinstanga. Vegirnir verði með bundnu slitlagi og hannaðir fyrir 50 eða 70 km/klst hámarkshraða. Samtals séu nýju vegarkaflarnir um 2,6 km langir. Tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta umferðaröryggi á Vopnafirði með því að beina þungaumferð flutningabíla að athafnasvæði hafnarinnar um leið og þeir komi í þéttbýlið, í stað þess að þeir aki í gegnum íbúðarsvæði.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif.

**Efnistaka.** Fram kemur að áætluð efnispörf í verkið sé 51,4 þús m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að 9,8 þús. m<sup>3</sup> af efni komi úr vegskeringum. Ekki sé gert ráð fyrir að allt skeringarefnið nýtist í veginn, en það komi betur í ljós við verkhönnun. Áætlað sé að nothæft efni sé um 7 þús. m<sup>3</sup> sem verði nýtt í fyllingar og/eða fláafleyga. Gengið verði frá umframefni í samráði við Vopnafjarðarhrepp. Efnispörf úr námu sé 44,4 þús. m<sup>3</sup>. Áætlað sé að taka efni í fyllingar og neðra burðarlag annað hvort úr opinni námu í landi Fremri-Nýpa við Skógarlón eða námu í landi Ytri-Nýpa. Efra burðarlag og efni í slitlag sé áætlað að taka úr námu við Búastaði í Vesturárdal í tæplega 13 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Náma þessi hafi verið opnuð vegna framkvæmda við Norðausturveg um Vesturárdal og sé ekki gert ráð fyrir að henni verði lokað um sinn. Að efnistöku lokinni verði gengið frá námunum í samráði við landeigendur.

**Frágangur í verklok.** Fram kemur að í útboðsgögnum verði greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma. Reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar ófrágengnar lengur en nauðsyn krefji. Lögð verði áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við veg- og námusvæði og verði m.a. allur akstur tækja bannaður utan veg- og námusvæða á verktíma. Öllum

Lífærum jarðvegi sem finnst í yfirborði skeringa verði ýtt ofan af til að geyma og jafna yfir svæðin að vinnslu lokinni sem efsta lag við frágang. Frágangi á vegskeringum og námum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Miðað sé við að núverandi Norðausturvegur verði lagður af á um 1,1 km löngum kafla frá Skógalóni að vegamótum Norðausturvegar og Búðaraxlar. Mikilvægt sé að áfram verði hægt að aka þangað, því við veginn sé útivistar- og skógræktarsvæði og nauðsynlegt að áfram verði gott aðgengi að því. Haft verði samráð við Vopnafjarðarhrepp um framtíðarnotkun vegarins og staðsetningu nýrrar veltengingar að honum og áningarstaðnum. Milli Skógalóns og vegarins að Leiðarhöfn liggja vegur sem byggður hafi verið sem námuvegur í tengslum við hafnarframkvæmdir á Vopnafirði. Fyrirhugað sé að loka veginum og leggja hann af á um 0,5 km kafla. Á 0,2 km kafla, sé fyrirhugað að jafna hann út og sá í hann. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um frágang hans á 0,3 km kafla í grennd við kirkjugarðinn. Ákvörðun um nýtingu vegarins og frágang verði tekin í samráði við Vopnafjarðarhrepp. Fram kemur að a.m.k. jafn mikið gróðurlendi og raskist við framkvæmdina verði grætt upp. Haft verði samráð við landeigendur og Umhverfisstofnun um uppgræðsluna. Sáð verði gróðurtegundum sem henti fyrir svæðið og skerir sig ekki úr umhverfinu. Endurheimt verði jafnstórt votlendi og raskast við framkvæmdina, þ.e. 9,7 ha.

**Áhrif á gróður og fugla.** Fram kemur að framkvæmdin muni raska votlendi sem sé stærra en 3 ha, en það njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Votlendinu hafi þegar verið raskað að hluta með slóðagerð og framræsluskurðum. Nýjar veglínur liggja um votlendi á um 1,2 km löngum kafla og áætlað sé að um 2,1 ha af votlendi fari undir veg. Votlendið sé að mestu samhangandi en stærsti hluti þess sé í lægð ofan á Kolbeinstanga. Víðast sé þetta deiglendi en á nokkrum stöðum séu flóar og þar standi vatn uppi milli þúfna. Votlendið sem raskist vegna framkvæmdarinnar sé að mestu flóamýri/dalabotnamýri, aðeins um 100 m liggja um hallamýri. Samkvæmt útreikningum Vegagerðarinnar geti því 9,7 ha af votlendi raskast vegna vegarins. Vegagerðin muni hafa samráð við Vopnafjarðarhrepp, landeigendur, Umhverfisstofnun og sérfræðing um endurheimt votlendis. Mögulegt sé að fylla í skurði í Hestamýrum, sem séu á og við framkvæmdasvæðið. Einnig sé áhugi á að endurheimta Íshústjörn, en þar sé nú votlendi en ekki tjörn, með því að veita vatni úr skeringu meðfram vegi, ofan tjarnarinnar í hana. Samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar sé mögulegt svæði til endurheimtar votlendis í Hestamýrum 9,0 ha og Íshústjörn sé 0,3 ha að stærð. Mögulegt svæði til endurheimtar votlendis í grennd við framkvæmdasvæðið virðist því vera samtals 9,3 ha. Framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum standi. Reiknað sé með að áhrifin verði óveruleg.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að við undirbúning framkvæmda á Norðausturvegi á kaflanum frá Brunahvammshálsi að Vopnafirði hafi m.a. verið skráðar fornleifar á kaflanum næst Vopnafjarðarkaupstað. Við staðsetningu nýrrar veltengingar hafi þær upplýsingar verið notaðar og reynt að forðast að leggja veginn yfir fornleifar. Hins vegar sé ekki hægt að komast hjá því að fornleifar verði fyrir raski næst kaupstaðnum. Þar muni vegurinn liggja í skeringu. Á svæðinu séu 16 fornleifar í minna en 100 m fjarlægð frá miðlínu vegar.

Fram kemur að Vegagerðin óskaði eftir að Fornleifavernd ríkisins leiðbeindi um til hvaða aðgerða beri að grípa varðandi fornleifar á svæðinu. Í svari Fornleifaverndar segir: „Eins og kemur fram í bréfi Vegagerðarinnar eru ... skráðar fornleifar í minna en 100 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðs vegar. Fjórar fornleifar, rétt (156507 42-

24), tóft (15650742-25), tóft (156500 43-26) og húsgrunnur (156500 43-27) eru í 40-75 m fjarlægð frá miðlínu vegar. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi þessar fornleifar á meðan á framkvæmd stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Hinar fornleifarnar tíu eru allar innan Vopnafjarðarkauptúns. Í fornleifaskráningarskýrslu er talið líklegt að þær séu allar frá 20. öld og njóti því ekki friðunar skv. 9. gr. þjóðminjalaga (Nr. 197/2001). Í skýrslunni segir að ekki sé loku fyrir það skotið að einhverjar þessara tófta kunni að tilheyra þurrabúðabúskap frá upphafi kauptúnsins um aldamótin 1900. Einkum eigi þetta við um tóftirnar næst kirkjugarði en þegar þær voru skoðaðar var erfitt að greina þær sökum gróðurs. Fornleifavernd ríkisins álitur að hreinsa þurfi gróður af tóftunum svo að hægt sé að skoða þær betur og skrá nákvæmlega. Þá er í fornleifaskráningarskýrslu bent á að sýnilegar tóftir á svæðinu kunni að standa á grunni eldri mannvirkja. Fornleifavernd ríkisins telur að ef ekki verði komist hjá raski á minjunum þurfi annað hvort að grafa könnunarskurði á svæðinu áður en ráðist verður í framkvæmdina eða að fá fornleifafræðing til að hafa eftirlit með framkvæmdinni. Með könnunarskurðum er hægt að ganga úr skugga um hvort eldri minjar leynast undir þeim sem sjást á yfirborði. Niðurstöður slíkrar athugunar geta leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á svæðinu áður en framkvæmdin getur hafist. Ef eldri minjar koma í ljós við eftirlit með framkvæmdinni verður að stöðva framkvæmdina á meðan á rannsókn minjanna stendur.“

Fram kemur að líklegt sé að framkvæmdin muni hafa áhrif á fornminjar. Vegagerðin muni fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði á svæðinu áður en ráðist verði í framkvæmdina, í samráði við Minjavörð Austurlands. Í útboðsgögnum verði lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis. Þá verði væntanlegum verktaka gert að merkja þær fornminjar sem liggja innan 100 m frá veglínunni með veifum eða girða af með litaborðum áður en framkvæmdir hefjast.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að ný aðkoma að þéttbýlinu á Vopnafirði sé í samræmi við Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Hins vegar sé staðsetning Norðausturvegar og nýrrar vegtengingar til Vopnafjarðar sem hér er kynnt, ekki í samræmi við þá staðsetningu sem sýnd er á þéttbýlisuppdrætti. Þótt breytingin sé ekki mikil, þurfi að breyta aðalskipulagsuppdrætti til samræmis við nýja legu vega á svæðinu. Breytingin sé óveruleg, því aðeins sé um að ræða flutning á vegum og breytingu á útfærslu vegamóta.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARÁÐILA

**Almennt.** Í umsögn Vopnafjarðarhrepps er ekki talið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdirnar hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Fornleifavernd ríkisins telur að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til skilyrða varðandi fornleifar.

**Áhrif á vatn.** Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur jákvætt að ekki sé farið inn á vatnsverndarsvæði, en bendir á nauðsyn þess að fara varlega í malartekju við bakka Nýpslóns en lónið sé á náttúruminjaskrá vegna mikils dýralífs.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að náma á Straumseyri við Skógalón í landi Fremri-Nýpur sé nú þegar opin. Við efnistöku vegna framkvæmdarinnar verði miðað við að raska ekki bökkum Skógalóns. Gengið verði frá þeim hluta námunnar sem raskað verði vegna viðkomandi efnistöku. Bent sé á að Vegagerðin hafi ekki forræði

yfir námunni við Straumseyri og geti því ekki lokað henni. Náman sé á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Náma í landi Ytri Nýpur sé einnig opin. Hún sé einnig á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Náman sé í a.m.k. 300 m fjarlægð frá Nýpslóni og ekki hætt á að því verði raskað.

**Áhrif á landnotkun.** Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur jákvætt að veglína sé færð fjær gömlum urðunarstað fyrir málma o.fl.

**Áhrif á votlendi.** Umhverfisstofnun bendir á umfjöllun í tilkynningu um gerð framræsluskurða í tengslum við fyrirhugaða endurheimt á því svæði þar sem ráðgert er að endurheimta votlendi: *"Við upphaf vegar B verða gerðir nýir skurðir í stað þeirra sem raskast, í samráði við Vopnafjarðarhrepp, þannig að vatn eigi áfram greiða leið í gegnum svæðið."* Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt grein fyrir hvernig aðgerðir af þessu tagi samrýmast endurheimt votlendis. Í skýrslu Náttúruforsvar Austurlands um gróðurfar og fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi komið fram að á svæðinu finnist ekki sjaldgæf gróðurlendi, en verðmæti votlendis var talið töluvert. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar veglagningar felist í röskun votlendis.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að ofanvatn frá götum nyrst í þéttbýlinu í Vopnafirði fari út í skurð í grennd við framkvæmdasvæðið og þaðan í læk sem renni út í Skógalón. Þegar lega vega innst á framkvæmdasvæðinu, við vegamót vega B og C, breytist verði þessum skurði raskað á kafla og þurfi því að grafa nýjan skurð við vegamótin. Vegagerðin telji að ekki sé forsvaranlegt að veita ofanvatninu út í votlendið. Því sé ekki hægt að loka þessum skurði, nema Vopnafjarðarhreppur leggi ræsi í farveg hans. Viðræður við Vopnafjarðarhrepp um lausn afrennismála frá götum nyrst í bænum séu hafnar og miðað sé við að niðurstaða fáiast veturinn 2010-2011. Markmið Vegagerðarinnar sé að endurheimta jafn stórt votlendi og raskað verði. Ef niðurstaðan verði að ekki sé hægt á þessu stigi að loka öllum þeim skurðum sem lagt sé til í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar frá október 2010, verði haft samráð við Vopnafjarðarhrepp um lokun annarra skurða í grennd við þéttbýlið.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að í skýrslu Vegagerðarinnar komi fram að 16 fornleifar séu í minna en 100 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðs vegar. Sex þessara fornleifa (rétt (156507 42-24), tóft (156507 42-25), mógrafir (156507 42-26 og 27), tóft (156500 43-26) og húsgrunnur (156500 43-27)) eru í 16 til 87 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Þá er íshús (156500 43-12) í einungis 1,5 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu en í skýrslunni segir að því verði ekki raskað. Fornleifavernd ríkisins telji að merkja þurfi allar þessar fornleifar greinilega á meðan á framkvæmdum standi til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Fram kemur að níu fornleifar (tóft (156500 43-24), tóft (156500 43-18), rétt (156500 43-23), útihús (156500 43-17), kofi (156500 43-21), túngarður (156500 43-25), brunnur (156500 43-22), matjurtargarður (156500 43-20) og fjárhús (156500 43-19)) séu alveg við framkvæmdasvæðið eða lendi undir því að hluta eða öllu leyti. Í fornleifaskráningarskýrslu segi að líklega séu allar tóftir sem skráðar hafi verið í Vopnafjarðarkauptúni frá 20. öld. Í þjóðminjalögum (Nr. 107/2001) segi að allar minjar sem orðnar eru eldri en 100 ára teljist til fornleifa og njóti verndar laganna. Í fornleifaskráningarskýrslunni segi: *"Útlit tóftanna bendir og til að þarna sé ekki um mjög gamlar minjar að ræða og þær teljast ekki til fornleifa í skilningi laganna. Hinsvegar er ekki loku fyrir það skotið að einhverjar þeirra kunni að tilheyra þurrabúðabúskap frá upphafi kaupþingsins um aldamótin 1900. Á það einkum við um*

*minjar næst kirkjugarði en erfitt var að greina þær sökum gróðurs. Einnig kunna tóftir sem þarna eru að standa á grunni eldri minja.* “Fornleifavernd ríkisins álitur að hreinsa þurfi gróður af tóftunum svo að hægt sé að skoða þær betur og skrá nákvæmlega. Í skýrslu Vegagerðarinnar segi að fornleifafræðingur verði fenginn til að grafa könnunarskurði á svæðinu áður en ráðist verður í framkvæmdina, í samráði við Minjavörð Austurlands. Fornleifavernd ríkisins telur að grafa þurfi slíka könnunarskurði í allar fornleifarnar nú. Með könnunarskurðum sé mögulegt að ganga úr skugga um hlutverk fornleifanna og staðfesta hvort eldri minjar leynist undir þeim sem sjást á yfirborði. Niðurstöður slíkrar athugunar geti leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á svæðinu áður en framkvæmdin geti hafist.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að haustið 2010 hafi gróður verið hreinsaður ofan af þeim nú fornleifum sem raskað verði við framkvæmdirnar. Fornleifafræðingar hafi verið fengnir til að grafa könnunarskurði í fornleifarnar, í samráði við Minjavörð Austurlands. Gert sé ráð fyrir að rannsóknir muni fara fram veturinn 2010-2011 ef veður leyfi. Engum fornleifum verði raskað nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Komi ókunnar fornleifar í ljós við framkvæmdir, verði haft samráð við Fornleifavernd ríkisins um aðgerðir.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða breytta legu Norðausturvegar í nágrenni þéttbýlisins að Vopnafirði og nýja tengingu frá Norðausturvegi til Vopnafjarðar. Í tengslum við vegagerðina þarf að auki að byggja 2 nýjar tengingar. Samtals eru nýju vegarkaflarnir um 2,6 km langir. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu annars vegar á þær fornleifar sem fara muni forgörðum og hins vegar talsvert rask á votlendi. Fram hefur komið að nauðsynlegar ráðstafanir vegna fornleifa séu þegar hafnar og að tilmælum Fornleifaverndar ríkisins verði fylgt vegna fornleifa. Að því gefnu að vettvangsrannsóknir á fornleifum leiði ekki í ljós að verndargildi þeirra minja sem fara muni forgörðum sé mun meira en í fyrstu var ætlað, telur Skipulagsstofnun að áhrif á menningarminjar verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur jákvætt að Vegagerðin endurheimti jafnstórt votlendi og það sem verður fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Með þeim mótvægisáðgerðum sé komið í veg fyrir veruleg áhrif á votlendi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytt lega og ný tenging Norðausturvegar við þéttbýlið á Vopnafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. desember 2010.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

